

## LÖG

### um afnám laga nr. 70 1. júlí 1985, um Framkvæmdasjóð Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um Framkvæmdasjóð Íslands, nr. 70 1. júlí 1985, falla úr gildi.

2. gr.

Ríkissjóður Íslands yfirtekur eignir og skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands miðað við stöðu þeirra 31. desember 1998.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1998.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*

## LÖG

### um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (mútur til opinbers starfsmanns).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Fyrir háttsemi, sem greinir í samningi um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum frá 21. nóvember 1997.

2. gr.

109. gr. laganna, sbr. 33. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi.

Sömu refsingu skal sá sæta sem beinir slíku að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðaviðskiptum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Forsteinn Pálsson.*